

Öxarfjarðarskóli

Árskýrsla

2017-2018



Glaðbeittur, flottur hópur á toppi Snartarstaðanúps

Efnisyfirlit

Almennt frá skólastjóra.....	2
Stjórnskipulag.....	2
Heildstæður skóli og þróunarstarf.....	3
Samstarf Öxarfjarðarskóla við Tónlistarskólann á Húsavík.....	3
Samstarf við Stóru Mörk, athvarf eldri borgara.....	3
Samstarf við Grunnskólann á Raufarhöfn.....	3
Flæði milli skólastiga.....	4
Aðalnámskrá.....	5
Fámennir skólar.....	5
Þróunarstarf og endurmenntun.....	5
Skólareglur Öxarfjarðarskóla.....	6
Aðstaða og búnaður.....	6
Hagræðingaraðgerðir.....	6
Skýrslur um sjálfsmat.....	7
Skýrslur um forföll.....	7
Ráð og teymi.....	7
Skólaráð Öxarfjarðarskóla.....	7
Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla.....	7
Áfallaráð Öxarfjarðarskóla.....	7
Umhverfisráð Öxarfjarðarskóla.....	7
Hagnýtar og tölulegar upplýsingar.....	8
Starfsfólk.....	8
Fjöldi starfsfólks eftir starfsheitum.....	9
Fjöldi stöðugilda.....	9
Grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum.....	10
Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla.....	10
Foreldrafélag.....	11
Skólaakstur.....	11
Skólaakstur og fjöldi leik- og grunnskólabarna leiðum 2017-2018.....	11
Nemendastundir í mínútum:.....	12
Bekkjadeildir, fjöldi og samsetning skólaárið 2017-2018.....	13
Náms- og starfsráðgjafi.....	13
Sérþarfir.....	13
Verkstjóri í áhaldahúsi.....	14
Skólabílstjórar og skólaakstur.....	14
Tímasetning skólabíla og reglur.....	14
Reglur í skólabílum:.....	14
Ófærð – afboðun skóla.....	14
Atburðatal á skólaárinu 2017-2018.....	14
Rýmingaráætlanir.....	14
Rýmingaráætlun vegna eldsvoða.....	15
Rýmingaráætlun Öxarfjarðarskóla ef til flóðs kemur.....	16

ALMENNT FRÁ SKÓLASTJÓRA

Ágætu lesendur.


Öxarfjarðarskóli, er samrekin leik- og grunnskóli frá haustinu 2008. Grunnskóladeildin er í Lundi. Leikskóladeildirnar voru tvær, ein í Lundi og önnur á Kópaskeri.

Námskrá

Námskrá Öxarfjarðarskóla, Litli-Vísir og Stóri-Vísir eru á vef skólans. Þar sem námskráin fer nú eingöngu á heimasíðu skólans er þetta að mikluleyti samofið plagg. Í Litla-Vísi er fyrst og fremst almennur hluti skólanámskrárinnar. Í Stóra-Vísi er hverri námsgrein hins vegar gerð skil. Skólanámskrá þarfnast sífelldrar endurskoðunar og hún tekur því einhverjum breytingum frá ári til árs. Námskrá leikskóladeilda er á vef skólans. Litli-Vísir kom upphaflega út í ritstjórn Péturs Þorsteinssonar og er að okkar mati samofinn námskránni og fylgir ritstjórastíll hans námskránni áfram með hans leyfi.

Aðalmarkmið skólanámskrár er að gefa ljósa mynd af þeim starfsháttum, áherslum og stefnum sem endurspeglast í skólastarfinu. Auk þess er þar töluvert af hagnýtum upplýsingum sem þægilegt er að hafa aðgengilegar á einum stað. Slíkar upplýsingar geta þó aldrei verið tæmandi og við munum halda áfram að senda fréttakorn um starf skólans beint til foreldra og á vef Öxarfjarðarskóla. Við viljum byggja upp gott samstarf og upplýsingastreymi milli heimila og skóla. Lykilatriði í góðu skólastarfi er góð samvinna foreldra, nemenda og starfsfólks skólans. Við viljum þakka foreldrum/forráðamönnum og öðrum velunnurum fyrir þá velvild sem þeir hafa sýnt starfi skólans og ítreka að dyr skólans standa ykkur ávallt opnar og við tökum fagnandi þeim gestum sem heimsækja okkur í skólann og svörum gjarnan þeim spurningum sem upp kunna að koma.

STJÓRNSKIPULAG



Lögum samkvæmt er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi hans og veitir honum faglega forystu. Þar sem Öxarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli eru leikskóladeildir þar undir. Deildarstjórar leikskóladeilda veita deildunum faglega forystu og skipuleggja starf með sínu starfsfólki.

Aðstoðarskólastjóri er nánasti samstarfsmaður skólastjóra og staðgengill í fjarveru hans. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vinna saman að flestum málum sem skólann varða og halda þeir reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðu mála hverju sinni og bera þess á milli saman bækur sínar um einstök mál. Þeir hafa ákveðna verkaskiptingu sín á milli en taka allar stærri ákvarðanir í sameiningu s.s. varðandi fjármál, starfsmannahald, skipulag skólastarfsins o.fl. Öxarfjarðarskóli leggur mikla áherslu á mikilvægi umsjónarkennara hvers námshóps. Hlutverk og starfssvið umsjónarkennarans er víðtækt í félagslegu og námslegu umhverfi hvers nemenda.

HEILDSTÆÐUR SKÓLI OG ÞRÓUNARSTARF

Við höfum verið að byggja upp og þróa framsækið og heildstætt skólastarf með lengdri viðveru starfsfólks og nemenda og þar sem kennsla, heimanám og ýmis námskeið eru í samfellu. Um lengda viðveru er að ræða hjá yngsta stigi og miðstigi þar sem þau er mun lengur í skólanum en Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytis segir til um. Í lengdri viðveru erum við með vinnustofur þar sem nemendur fá aðstoð við heimanám eða eru í umsjón skólaliða. Við leggjum rækt við vellíðan nemenda og starfsfólks, sem er undirstaða ánægjulegs vinnustaðar. Við munum halda áfram að vinna að vistvænni hegðun og leggjum áherslu á að Öxarfjarðarskól geri sér far um að nemendur kynni sé stórbrotna náttúru nærumhverfisins m.a. í samstarfi við Björgunarsveitina Núpa. Unglingadeildarsamstarf Öxarfjarðarskóla og Björgunarsveitarinnar Núpa hefur vakið athygli enda frumkvöðlastarf þar á ferð. Skólaárið 2014-2015 féll björgunarsveitarsamstarfið niður þar sem kennarinn sem sinnti þessum þætti, hélt á önnur mið. Skólaárið 2015-2016 kom björgunarsveitarstarfið aftur inn í skólann af krafti með sama starfsmanni og það starf var til staðar skólaárið 2017-2018 og m.a. var gengið á Snartarstaðanúp á þemadögum í febrúar.

Samstarf Öxarfjarðarskóla við Tónlistarskólann á Húsavík

Formlegt samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík hófst haustið 2011. Kennarar við Tónlistarskólann komu, skólaárið 2017-2018, tvo daga í viku og kenna á hin ýmsu hljóðfæri, auk þess að kenna tónmennt, og hljómar tónlist um húsið þessa daga. Einu sinni í viku koma öll stigin saman í gryfju, og syngja við undirleik tónmenntakennara. Við teljum þetta samstarf auka gæði skólastarfsins og erum þakklát fyrir þetta samstarf. Tónlistarkennarari og nokkrir nemendur af unglíngastigi, komu að skólaslitum í vor 2018 og spiluðu og sungu.

Samstarf við Stóru Mörk, athvarf eldri borgara

Á leikskóladeildinni á Kópaskeri er skemmtilegt flæði yfir í Stóru Mörk þar sem eldri borgarar koma saman, borða, spila, spjalla eða vinna dásamleg handverk. Deildin á Kópaskeri fær matinn úr Stóru Mörk, þannig að dagleg samskipti eru við matráða/umsjónarfólk þar. Af og til er leikskólabörnunum og starfsfólki boðið í mat með eldri borgurunum. Einfalt er að auka flæði fram í Lund.

Samstarf við Grunnskólann á Raufarhöfn

Samstarf við Grunnskólann á Raufarhöfn var lagt niður í þeirri mynd sem var, þ.e.a.s.víkulegar heimsóknir í íþróttir og verk- og listgreinar. Nemendum hefur fjölgað á Raufarhöfn og íþróttum

og verk- og listgreinum sinnt þar. Íþróttakennari var ráðinn þar til starfa. Við erum að skoða samveru, t.d. í Þjóðgarðinum, íþróttadag o.fl.

Margbreytileiki

Við reynum að koma til móts margbreytileikann í Öxarfjarðarskóla og erum við svo heppin að geta komið vel til móts við hann og t.d. gefið nemendum með annað móðurmál tækifæri til þess að rækta sitt það, m.a. vegna margbreytileika í kennarahópnum.

Flæði milli skólastiga

Í Öxarfjarðarskóla á sér stað mikið flæði milli leik- og grunnskólastigs. Við erum lærdómssamfélag og lærum hvert af öðru. Ungir sem aldnir. Þegar samrekin leik- og grunnskóli varð til, hvarlaði að okkur að það flækti grunnskólstigið en það reyndist rangt. Þessi samvinna skólastiganna auðgar skólann og gerir hann skemmtilegri og ríkari og leikskólabörnin öruggari þegar þau stíga sín fyrstu skref í grunnskólanum og er það í takt við ákvæði Aðalnámskrár Menntamálaráðuneytis. Að hafa bæði skólastigin undir sama þaki býður upp á ótal möguleika ef vilji er fyrir hendi. Leikskólabörnin á Kópaskersdeild komu til okkar einu sinni í viku síðla á vorönn til að njóta þessa flæðis með okkur á skólaárið 2017-18 og var það ánægjuleg samvera, bæði starfsfólks og leikskólabarna. Þann 1. júní 2018 sameinuðust leikskóladeildirnar tvær á Kópaskeri, fram að sumarlokum leikskólans um miðjan júlí, er allur hópurinn á Kópaskeri. Um tilfærslu starfsfólks leikskóladeildarinnar í Lundi er að ræða. Tveir starfsmenn í Lundi sameinast starfsfólki leikskóladeildarinnar á Kópaskeri í sex vikur. Gengur það samstarf vel og var áfram rækt nú sumarið 2018.

Á stundaskrá leikskóladeildar í Lundi, í hverri viku, var stærðfræði, þar sem elstu nemendum leikskólans var kennd stærðfræði í takt við nýjustu straua. Leikskólabörnin fá einnig íþróttatíma, myndmenntatíma, og koma inn í grunnskóladeild í verkefnið, Brúum bilið. Þar takast þau á við ýmis verkefni með nemendum á yngsta stigi grunnskólans. Unglingun býðst upp á leikskólaval þar sem þeir koma að leikskólastarfinu undir handleiðslu starfsfólks leikskólans með ýmis verkefni og er það mikil örvun fyrir leikskólabörnin að mati deildarstjóra.

Öll söfnumst við saman í gryfju einu sinni í viku og syngjum við undirleik og undir styrkri stjórn tónlistarkennara frá Tónlistarskólanum á Húsavík. Eldri leikskólabörnin koma niður í matsal og borða með starfsfólki og grunnskólanemendum

Það er orðin hefð að elstu börn leikskólans taki virkan þátt í Árhátíð Öxarfjarðarskóla og stígi þar á svið með grunnskólanemendum Það er veruleg ögrun og stór sigur að stíga á svið frammi fyrir fjölda manns. Á litlu jólunum söfnumst við öll saman og borðum hátíðamat í matsal og eldri börn grunnskólans taka að sér yngri skjólstæðing og hafa sér við hlið. Leikskóladeildin á Kópaskeri kom til okkar og naut dagsins með okkur. Í öllum þessum samskiptum á sér stað heilmikill lærdómur og þjálfun á margs konar færni, ekki eingöngu fyrir leikskólabörnin heldur einnig fyrir okkur hin og börnin koma öruggari til leiks inn í grunnskólann. Ef veður leyfir á sundnámskeiðum reynum við að gefa leikskólabörnum tækifæri til að prófa sundlaugina undir handleiðslu íþróttakennara og starfsfólks leikskólans og það tækifæri gafst á vorönn, fyrir leikskólabörnin á báðum deildum.

AÐALNÁMSKRÁ

Aðalnámskrár beggja stiga, eru ígildi reglugerðar. Það kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla, að skólagaanga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri stigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Að mikilvægt sé að nám og uppeldi byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Í Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hluta, kemur fram að mikilvægt sé að auka svigrúm, sveigjanleika og samfellu á milli skólastiga. Það kemur einnig fram að tengsl leik- og grunnskóla sé samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga. Öxarfjarðarskóli reynir að koma vel til móts við þessi ákvæði Aðalnámskrár.

FÁMENNIR SKÓLAR

Í góðum fámennum skóla er starf sem allir skólar geta tekið sér til fyrirmyndar. Í fámennum skólum þekkir starfsfólk yfirleitt hvern og einn nemanda og þarfir hans. Það eru forréttindi að þekkja hvern nemanda persónulega, almenna getu, sterkar hliðar hans og veikar og frávik þar sem þau eru. Eins met ég mikils þetta nána samstarf sem ég sé að á sér stað daglega á milli starfsfólks án þess að settir séu alltaf upp einhverjir sérstakir samráðsfundir og tel mig lánsama að hafa allt þetta hæfileikafólk að störfum hér í Öxarfjarðarskóla. Blómlegur grunnskóli heima í héraði er ómetanlegur en erfitt er fyrir grunnskóla dreifbýlisins að blómstra ef þeir þurfa að vera í stöðugri vörn í stað þess að vera í sókn.

ÞRÓUNARSTARF OG ENDURMENNTUN

Haustið 2010 hófum við samstarf við Háskólann á Akureyri í tengslum við þróunarverkefnið Byrjendalæsi. Öxarfjarðarskóli leggur mikla áherslu á læsi í víðum skilningi og viljum afla okkur sem mestrar þekkingar á því sviði. Þróunarverkefninu Byrjendalæsi lauk formlega vorið 2012 með útskrift þeirra kennara sem tóku þátt en að sjálfsögðu unnið áfram með Byrjendalæsi og kennsla á yngsta stigi einkennist af hugmyndafræði byrjendalæsis. Skólaárið 2012-2013 var Öxarfjarðarskóli með þrjú önnur þróunarverkefni. Í samstarfi við Háskóla Íslands er það þróunarverkefnið *Leiðsagnarmat* undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar og lauk því vorið 2013. Í samstarfi við Háskólann á Akureyri erum við með þróunarverkefnið Orð af orði, fyrsta hluta þess lauk s.l. vor haustið 2014 vorum við áfram í samstarfi við Háskólann Akureyri með þróunarverkefnið Orð af orði, framhald af fyrsta hluta. Leikskóladeild hefur einnig tekið þátt í þróunarstarfi í tengslum við læsi, *Byrjendalæsi* og *Les for meg*. Leikskóladeild og yngsta stig grunnskólans tóku þátt í þriggja ára norrænu þróunarstarfi, *Les for meg*. Því samstarfi lauk s.l. vor. Skólaárið 2014-2015 vorum við samstarfi við HA um þróunarstarf í stærðfræði og nýjar áherslur í námsmati út frá Aðalnámskrá. Skólaárið 2017-18 var áfram unnið að þessum þróunarverkefnum auk þess sem við nýttum okkur Lesferil Menntamálastofnunar. Ferillinn er lagður fyrir þrisvar á skólaárinu og niður stöður koma um hæl frá Menntamálastofnun. Í skólastofnunum Norðurþings er verið að innleiða skólastefnuna Jákvaðan aga og áfram er unnið með Byrjendalæsi.

SKÓLAREGLUR ÖXARFJARÐARSKÓLA

- Verum tillitsöm og virðum hvert annað
- Hjálpumst að við að skapa öruggt umhverfi í skólanum
- Nýtum tímann okkar vel og virðum vinnufrið í kennslustundum
- Verum ávallt stundvís í kennslustundir og skólabíl.
- Göngum vel um eigur skólans og annarra.
- Öll notkun tóbaks og hvers kyns vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, í nágrenni hans og í ferðum á vegum skólans.
- GSM símar eru hvorki leyfðir í skólanum né í íþróttahúsi.
- Hvers kyns hluti, s.s eldfæri og hnífa sem beita má sem vopnum, er bannað að koma með í skólann.

AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR

Aðstaða í Öxarfjarðarskóla er nokkuð góð en ýmsan búnað þyrfti að endurnýja, svo sem húsgögn í skólastofum og ýmist tæki. Við höfum eignast bekkjarsett af spjaldtölvum þar sem ljóst er að nemendur og kennarar þurfa að læra að nýta sér þann kost í námi og kennslu. Fleiri aðgangspunkta þarf í húsið til þess að þær komi að fullum notum. Nú er ljósleiðari handan við hornið svo þetta horfir allt til bóta. Bæta þarf í tölvubúnað.

Sárlega þarf aðbæta vörumótöku mótuneytis, hún er hættuleg eins og hún er í hálfu og snjó og er það á döfinni að bæta úr því.

HAGRÆÐINGARÆÐGERÐIR

Öxarfjarðarskóli hefur, eins og aðrar stofnanir Norðurlands þurft að hagræða eins og kostur er. Aðföng hafa verið skorin niður eftir megni og hafa skólaliðarnir fylgst vel með verðalagi og verið vakandi yfir tilboðum. Það er vel af sér vikið að halda aðföngum nánast í sömu krónutölu frá 2008-2014 á sama tíma og allt hefur hækkað. Starfshlutfall hefur verið tekið töluvert niður og á það sér skýringar í hagræðingu og fækkun nemenda. Hátt hlutfall sérþarfa er í Öxarfjarðarskóla og hefur sveitarfélagið sýnt skilning mikilvægi þess að nemendum með sérþarfir sé sinnt vel, skilning. Um lengda viðveru er að ræða hjá 1.-7. bekk er. Í ljósi skólaaksturs er 1.-4. bekkur 37 kest á viku en á að vera 30 miðað við Aðalnámskrá. 5.-7. bekkur fær einnig lengda viðveru eða 37 tíma í stað 35 samkvæmt Aðalnámskrá. Þessa lengdu viðveru nýtum við í vinnustofur og þar sem heimanámi nemenda er sinnt og svo gefst nemendum tækifæri til frjálsrar samveru sem er mikilvækt í þessu víðfeðma skólasamfélagi. Skólaliðar hafa haft auga með þessari samveru.

Við erum svo heppin að hafa innan húss starfsmann sem er einkar laginn við allan tæknibúnað og gerir við og lappar upp á tölvubúnað, ljósritara, o.fl. og hefur það sparað skólanum ómælda fjármuni í gegnum árin.

SKÝRSLUR UM SJÁLFSMAT

Er að finna á vef skólans.

SKÝRSLUR UM FORFÖLL

Nákvæm skýrsla um förföll er ekki til m.a. vegna þess að það tíðkast víða sem leið til sparnaðar að kennarar semji við aðra kennara um vinnuskipti með vitund og samþykki skólastjóra. Forföll eru engu að síður skráð.

RÁÐ OG TEYMI

Skólaráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir

skólastjóri

Ann-Charlotte Fernholm

kennari

Elisabeth Hauge

Fulltrúi leikskólans

Guðlaug Anna Ívarsdóttir

Fulltrúi starfsfólks

Thomas Helmuth

Fulltrúi foreldra leikskólabarna

Þorsteinn Gísli Jónsson

Fulltrúi nemenda

Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir

skólastjóri

Hrund Ásgeirsdóttir

Aðstoðarskólastjóri

Sólveig Mikaelisdóttir

Sérkennslu- og grunnskólafulltrúi

Ragnildur Þorgeirsdóttir

Hjúkrunarfræðingur

Sigurður Halldórsson

héraðslæknir

Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu

Umsjónarkennari/sérkennari

viðkomandi barns/barna

Áfallaráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir

skólastjóri

Ann-Charlotte Fernholm

aðstoðarskólastjóri

Séra Jón Ármann Gíslason

Séra Hildur Sigurðardóttir
Sigurður Halldórsson
héraðslæknir

Umhverfissráð Öxarfjarðarskóla

Jennifer Patricia Please
Cornelia Spandau
Kristján Ingi Jónsson
Christoph Wöll

HAGNÝTAR OG TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Starfsfólk


Ágústa Sigríður Karlsdóttir	Starfsmaður á leikskóla
Ásta Helga Viðar	Leikskólaliði
Connie Spandau	Íþróttakennari og iðjuþjálfari
Christoph Wöll	Grunnskólakennari
Elisabeth Hauge	Deildarstjóri leikskóladeildar í Lundi
Eyrún Egilsdóttir	Starfsmaður leikskóla
Guðlaug Anna Ívarsdóttir	Skólaliði
Guðrún S. Kristjánsdóttir	Skólastjóri
Hrund Ásgeirsdóttir	Í námsleyfi
Hulda Hörn Karlsdóttir	Matráður/Ráðskona
Jennifer Patricia Please	Grunnskólakennari
Jóhanna Kristín Ástþórsdóttir	Deildarstjóri leikskóladeildar á Kópaskeri
Kristján Ingi Jónsson	Grunnskólakennari og umsjón með tölvuveri
Laufey Halla Brynjarsdóttir	Matráður
María Kristín Hermundard.	Starfsmaður á leikskóla.
María Peters Sveinsdóttir	Grunnskólakennari
Signe Ann-Charlotte Fernholm	Umsjónarkennari
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði
Frida Bernström	Starfsmaður leikskóla
Vigdís Sigvarðardóttir	Grunnskólakennari

Fjöldi starfsfólks eftir starfsheitum

	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18
Kennarar/stjórnend.	12	10	9	9	9	9	8	9
Iðjuþjálfari/íþróttak.	1	1	1	1	1	1	1	1
Stuðningsfulltrúar	3				1			
Skólaliðar	2	2	2	2	2	2	2	2
Starfsfólk leikskólad.	6	5	5	4	6	6	6	6
Matráðar	3	3	3	3	2	2	2	2
Starfsmenn samtals	27	21	20	19	21	20	19	20


Fjöldi stöðugilda

Haustið 2017 voru stöðugildi 15,85




Grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum

	Nemend 2009-10	Nemend 2010-11	Nemend 2011-12	Nemend 2012-13	Nemend 2013-14	Nemend 2014-15	Nemend 2015-16	Nemend 2016-17	Nemend 2017-18
1. b.	4	2	3	5	2	3	1	1	3
2. b.	0	4	2	3	5	2	2	2	1
3. b.	5	0	4	2	3	5	3	3	2
4. b.	4	5	0	4	3	3	5	5	3
5. b.	5	4	4	0	4	3	2	2	4
6. b.	4	5	4	4	0	4	2	2	2
7. b.	3	4	5	4	4	0	4	4	3
8. b.	3	5	3	5	3	4	1	1	5
9. b.	9	2	5	3	5	3	4	4	0
10. b.	6	9	2	5	4	5	3	3	3
Samtals	43	40	32	35	33	32	27	27	26



Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla

	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18
Lundur	22 börn	17 börn	16 börn	16 börn	8 börn	10 börn	9-10 börn	11	10
Kópasker						3-4 börn	4	4	4
Samtals	22	17	16	16	8	13-14	13-14	15	14



Frá 2009-2014 er um sameiginlega sýlu fyrir báðar leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla.

FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag starfar við skólans og stjórn mynda fulltrúar fyrir hvert stig; leikskólastig, yngsta stig, miðstig og unglíngastig.

SKÓLAAKSTUR

Á svo víðfeðmu svæði sem skólasvæði Öxarfjarðarskóla er mikilvægt að skipuleggja kennslu með alla aldurshópa og skólaakstur í huga. Skólaakstur er stór hluti kostnaðar við rekstur skólans. Helstur akstursleiðir eru nú, Reystarnes-Lundur-Lundur-Reistarnes, Lón-Lundur-Lundur-Lón, Sel/ Sandfellshagi-Lundur-Lundur-Sandfellshagi/Sel. Einnig er ekið frá Katastöðum og Tóvegg í veg fyrir skólabíl.

Undirrituð vill minna á mikilvægi þess að skoða skólaakstur með með samrekinn leik- og grunnskóla í Lundi huga. Á fundi skólaráðs Öxarfjarðarskóla 7. maí 2015, var rætt um mikilvægi þess að skoða skólaakstur í þessu víðfeðma skólasamfélagi með samgöngubót í huga þ.e. að bílarnir geti einnig þjónustað leikskólabörnin og verið með búnað til þess í samráði við foreldra.

Undirrituð óskar eftir því að það verði gert og leggur til að áfram verði samið við skólabílstjóra með það í huga að skólabílar þjónusti bæði leik- og grunnskólabörn þeim að kostnaðarlausu ef pláss er í bílnum. Í þessu víðfeðma samfélagi er það mikilvægt, og umhverfisvænt að auki, að ekki séu ræstir fleiri bílar en nauðsynlegt er. Eftir samráð við skólabílstjóra sem hefur tekið leikskólabörn, ásamt grunnskólabörnum með sér, leggjum við það til að skólabílstjórar útvegi stóla fyrir leikskólabörnin með því að leigja þá af tryggingarfélagi og endurleigja þá síðan til foreldra, það tryggir löglega stóla í bílana. Mikilvægt er að starfsmaður fylgi leikskólabörnum í skólaakstri. Þessu skipulagi þarf ekki að fylgja mikill aukinn kostnaður ef samið er við skólabílstjóra um að taka leikskólabörnin. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel.

Skólaakstur og fjöldi leik- og grunnskólabarna á eftirfarandi leiðum 2017-2018

Skólabíll frá Lóni	Grunnskólabörn á þeim legg voru 7-9 í skólaakstri 2017-18 Tvö börn eru í skiptu forræði og með bílnum aðra hvora viku. 1 leikskólabarn á þeim legg. Samtals 9-11 börn í skólaakstri 2017-18
Skólabíll frá Reistarnesi	Grunnskólabörn á þeim legg voru 11-13 Leikskólabörn á þeim legg voru 9 Tvö börn eru í skiptu forræði og með bílnum aðra hvora viku. Samtals 12-14 börn skólaárið 2017-18
Skólabíll frá Seli	Grunnskólabörn á þeim legg voru 3 Samtals 3 börn í skólaakstri
Að auki fer bíll frá Gilsbakka með 2 börn.	Samtals 2 börn í skólaakstri
<u>Samtals leik- og grunnskólabörn í Öxarfjarðarskóla, voru 40 skólaárið 2017-2018. Það lítur út fyrir svipaðan fjölda í Öxarfjarðarskóla 2018-2019 um 40-42 nemendur í samreknum leik- og grunnskóla (fjölgar eftir áramót) . Í grunnskóladeil verða 30 nemendur 2019-2020.</u>	

NEMENDASTUNDIR Í MÍNÚTUM:

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
Nemendastundir á viku	1580	1580	1580	1580	1580	1580		1580	1580	1580
Íslenska	300	300	300	300	240	240		240	240	240
Stærðfræði	300	300	300	300	240	240		240	240	240
Enska				60	120	120		120	120	120
Danska								120	120	120
Verkgreinar	120	120	120	120	120	120				
Skólaþróttir	120	120	120	120	120	120		120	120	120
Listgreinar	180	180	180	180	180	180		120	120	120
Náttúrufræðigreinar	60	60	60	60	120	120		120	120	120
Samfélagsgreinar - þar af kristinfræði	240	240	240	240	180	180		110	110	110
Upplýsinga- og tæknimennt	60	60	60	60	60	60		120	120	120
Valgreinar (Annað og ótilgreint)	200	200	200	140	200	200		270	270	270

Vegna skólaaksturs og leikskóladeildar erum við með lengda viðveru

Yngsta stig, þ.e. 1.-4. bekkur, fær 6.320 mínútur á viku, hver bekkur fær 39,5 kennslustundir. Í viðmiðunarstundarskrá í nýrri Aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytis 2011 er gert ráð fyrir 4.800 mínútum á viku sem svarar 30 kennslustundum á bekk.

Miðstig, þ.e. 5.-7. bekkur, fær 4.740 mínútur á viku, hver bekkur fær 39,5 kennslustundir. Í viðmiðunarstundarskrá í nýrri Aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytis 2011 er gert ráð fyrir 4.200 mínútum á viku sem svarar 35 kennslustundum á bekk.

Unglingastig, þ.e. 8.-10. bekkur, fær 4.740 mínútur á viku, hver bekkur fær 39,5 kennslustundir. Í viðmiðunarstundarskrá í nýrri Aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytis 2011 er gert ráð fyrir 4.440 mínútum á viku sem svarar 37 kennslustundum á bekk.

Í heild eru nemendur að fá rúmlega það sem þeim ber.

Auk þess var boðið upp á, í vali og lengdri viðveru: heimilisfræði, opna handavinnu- og smíðastofu, leiki, björgunarsveitarstarf, íþróttum og útivist er gert hátt undir höfði o.fl. Auk þess sem boðið er upp á aðstoð við heimanám. Í ljósi 50% sérþarfahlutfalls í Öxarfjarðarskóla er mikilvægt að geta boðið upp á stuðning í lengdri viðveru.

Við getum sagt að flest sem boðið var upp á í lengdri viðveru eigi sér stoð í nýrri Aðalnámskrá, almenna hluta 2011.

BEKKJADEILDIR, FJÖLDI OG SAMSETNING SKÓLAÁRIÐ 2016-2017

Í fámennum skóla er samkenndsla árganga; Unglingastigi, miðstigi og yngsta stigi er gjarnan kennt saman. Í:

- 1. bekk var 1 nemandi
- 2. bekk voru 2 nemendur
- 3. bekk voru 3 nemendur
- 4. bekk voru 5 nemendur
- 5. bekk voru 2 nemendur
- 6. bekk voru 2 nemendur
- 7. bekk voru 4 nemendur
- 8. bekk voru 1 nemandur
- 9. bekk voru 4 nemendur
- 10. bekk voru 3 nemendur

Samtals 27 nemendur

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI

Náms- og starfsráðgjafi í skólann. Skólanum ber skylda til þess að hafa náms- og starfsráðgjafa á sínum snærum en Norðurþingi ber ekki skylda til að bjóða upp á þessa þjónustu í skólunum. Erla Dögg Ásgeirsdóttir náms- og starfsráðgjafi tók þetta verkefni að sér síðast liðið skólaár og sinnti nemendum í Öxarfjarðarskóla að beiðni skólastjóra. Ekki tókst að fá námsráðgjafa skólaárið 2016-17 en kennarar unglingsstigs, einkum umsjónarkennari, upplýstu foreldra og nemendur eins og kostur var.

SÉRÞARFIR

Stöðugildum fækkaði um eitt skólaárið 2015-2016. Fyrirkomulag skólastarfs var svipað en við þurfum sífellt að endurskoða skólastarfið með margbreytileika nemenda í huga. Við reynum enn frekar að koma til móts við sérþarfir með sérstöku skipulagi og í samráði við skólaþjónustu. Nemendafjöldi, skólaárið 2017-18 í grunnskóladeild, verður svipaður og árið 2016-17.

Í grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla voru 26 nemendur skólaárið 2017-18 og hátt hlutfall þeirra eru með sérþarfir, þannig að sérstaða Öxarfjarðarskóla er töluverð á landsvísu og á Norðurþing heiður skilið fyrir að hafa sýnt þessum þörfum skilning.

Verkstjóri í áhaldahúsi

Friðgeir Rögnvaldsson

SKÓLABÍLSTJÓRAR OG SKÓLAAKSTUR

Skólabílstjórar

- Ágústa Ágústdóttir,
Reistarnes – Lundur
- Stefán Rögnvaldsson,
Lón – Lundur
- Bernharð Grímsson,
Sel - Sandfellshagi
- Hafsteinn
Hafsteinsson,
Gilsbakki - Lundur

Tímasetning skólabíla

- Kristinn Rúnar fór frá Lóni kl. 7:45 alla daga
- Sigurður Reynir fór frá Reistarnesi kl. 7:30 alla daga
- Skólabílar fóru frá Lundi mánudaga til fimmtudaga kl 15:50. Föstudaga lögðu skólabílar af stað frá Lundi kl 12:00.

Reglur í skólabílum:

Samþykktar af foreldraráði, bílstjórum og skólayfirvöldum.

- Sýna ber samferðafólki kurteisi og tillitsemi
- Nemendur skulu vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur á morgnana
- Foreldrum ber að tilkynna skólabílstjóra forföll með góðum fyrirvara
- Nemendur eiga alltaf að nota tiltæk öryggisbelti í skólabílnum
- Skóla- og umgengnisreglur gilda einnig í skólabílnum
- Sýna ber ítrustu aðgát þegar farið er í og úr skólabíl, einkum við götu eða þjóðveg
- Endurskinsmerki eru sjálfsagt öryggisatriði í skammdeginu

Ófærð – afboðun skóla

Skólabílstjórar eru einir færir um að meta aðstæður hvað varðar færð á vegum vegna veðurs. Þeir koma skilaboðum til skólastjóra eins fljótt og unnt er til að hægt sé að afboða skóla sem fyrst þann dag.

ATBURÐATAL Á SKÓLAÁRINU 2016-2017

- Skólasetning var 25. ágúst
- 8. september er dagur læsis.
- 16. september er dagur íslenskrar náttúru.
- Þann 19. september, á starfsdegi, sótti starfsfólk Öxarfjarðarskóla námskeið í Borgarhólsskóla um orðaforða, framburð og hljóðkerfisvitund og var það Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur sem var með það.

- Samræmd próf 22. og 23. september, 7. Bekkur.
- Samræmd próf 29. og 30. September, 4. bekkur.
- Foreldrasamtöl fóru fram eftir hefðbundinn kennsludag á vor- og haustönn
- Skólaferðalag 1. – 7. bekkja. Öxarfjarðarskóli og Grunnskóli Raufarhafnar fara í sameiginlegt skólaferðalag. Bekkjaskemmtanir fara fram á vor- og haustönn og er skipulag þeirra í höndum umsjónarkennara í samvinnu við nemendur.
- Foreldrafundur var haldinn í nóvember.
- 8. nóvember var dagur baráttu gegn einelti.
- Haustfagnaður var haldinn í nóvember.
- Litlu jólin voru haldin 20. desember.
- Á starfsdegi, 6. febrúar, var haldið námskeið í Jákvæðum aga í Lundi. Aníta Jónsdóttir kom með það námskeið og verður haldið áfram á næsta skólaári. Öxarfjarðarskóli og Grunnskólinn á Raufarhöfn koma saman á þessu námskeiði.
- Þemadagar voru 13.-17. febrúar og þá er skólafárið brotið upp og verk- og listgreinum ásamt hreyfingu, gert hærra undir höfði. Þemadagar eru skipulagðir í samráði við nemendur. Það er orðin hefð að björgunarsveitarvalið gengur á fjöll á þemadögum. Í þetta sinn var gengið á Sauðafell.
- Samræmd próf 9.-10. bekkjar voru 7., 8. og 9. mars í tengslum við nýtt skipulag menntayfirvalda í námsmati.
- Árshátíð var 31. mars.
- Prófavika var 8.-12. maí.
- Atvinnuþema var 16. – 18. maí. Á þessum dögum gefst nemendum tækifæri til að kynna sér atvinnulíf á svæðinu. Fyrirtæki og stofnanir taka þessu verkefni og nemendum vel.
- Skólaslit voru 19. maí. Að þessu sinni tóku 10. bekkingar virkan þátt í útskrift sinni og voru með framsögu og tónlistaratriði.
- Skólaferðalag unglíngastígs var á vorönn. Farið var í velheppnaða náms- og skemmtiferð til Danmerkur þann 6. – 11 júní.

RÝMINGARÁÆTLANIR

Rýmingaráætlunir eru til reiðu vegna eldsvoða og flóðs

Þegar váboð berast er unnið samkvæmt fyrirbyggjandi rýmingaráætlunum. Stefnt er á æfingar 2017-18. Æft var á seinasta skólaári, skólaárinu 2016-17, undir stjórn Gríms Kárasonar slökkviliðsstjóra.

Öryggisráð skólans skipa:

Öryggisráðgjafi, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Samráð er haft við verkstjóra í þessum efnum.

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

Þegar reykskynjari fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun:

Stjórnendur:

- Öryggisráðgjafi, skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri athugar hvaðan brunaboðið kemur. Ef eldur er laus og raunveruleg hættu á ferðum skal skólinn rýmdur tafarlaust.

- Öryggistrúnaðarmaður, skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri fara á söfnunarsvæðið og kanna hvort allir hafi skilað sér þangað.
- Öryggistrúnaðarmaður, skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri koma upplýsingum til varðstjóra slökkviliðs.

Kennarar:

- Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleið sé greið, hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast.
- Kennari gengur á eftir nemendum að útgönguleiðinni. Ef stuðningsfulltrúi er í bekknum er hann fremst. Ef farið er út um neyðarop í stofu fer kennari síðastur út. Allir safnast saman á söfnunarsvæði.
- Nemendur sem ekki eru í kennslustundum fara hratt en skipulega út um næsta neyðarútgang og safnast saman á söfnunarsvæði.
- Sá sem síðastur fer úr kennslustofum og/eða öðrum rýmum skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um húsið.

Söfnunarsvæði skólans er á körfuboltavelli við flaggstöng sunnan við skólann.

Rýmingaráætlun Öxarfjarðarskóla ef til flóðs kemur

Öryggisráð skólans skipa:

Öryggistrúnaðarmaður, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.

Rýmingaráætlun vegna flóðahættu

Þegar boð berast skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun:

Stjórnendur:

- Öryggistrúnaðarmaður, skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri setja rýmingu strax í gang.
- Þegar boð berast um rýmingu skal nemenum safnað inn í sína heimastofu og hafinn undirbúningur undir það að rýma húsið.
- Söfnunarsvæði er, í þessu tilfelli, skólabílarnir. Stefnt er að því að nemendur séu komnir í bílana innan 30 mínútna.
- Umsjónarkennarar, starfsfólk leikskóla, ásamt skólaliðum, aðstoða sína umsjónarhópa í bílana.
- Öryggistrúnaðarmaður, skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri fara á söfnunarsvæðið og kanna hvort allir hafi skilað sér á svæðið og merkja við á þar til gerðum lista.

Söfnunarsvæði skólans eru skólabílarnir.

Kennarar:

- Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu nema með viðkomandi kennara. Það sama á við um leikskóladeild.
- Kennari gengur á undan nemendum að út að skólabíl. Ef stuðningsfulltrúi er í bekknum gengur hann aftast. Allir safnast saman á söfnunarsvæði.

- Þegar búið er koma nemendum af stað yfirgefa starfsmenn skólann og koma sér út af rýmingarsvæðinu.

Bílstjórar og skólabílar:

- Þegar nemendur eru komnir í skólabíla er lagt af stað. Kelduhverfisbíll heldur af stað niður í Kelduhverfi og verður ekið með þau beint á hjálparstöðina á Húsavík.
- Kópaskersskólabíll tekur alla nemendur á þeirri leið, einnig nemendur sem hafa verið á akstursleið Bernharðs, þar sem Bernharð, ásamt fleirum, verður bundinn við að rýma Ærlækjarsel. Sama fyrirkomulag verður á Kópaskersleið. Það verður ekið með nemendur beint á hjálparstöðina á Kópaskeri. Foreldrar fara svo, eins fljótt og auðið er, á viðkomandi hjálparstöð og hitta börnin sín þar.

*Með vinsemd og virðingu,
Guðrún S. Kristjánsdóttir,
Skólastjóri Öxarfjarðarskóla,
Norðurþingi.*